



**Austurbrú ses. – 11. stjórnarfundur**  
**haldinn kl. 15, fimmtudaginn 25. október 2012**  
**í starfsstöð Austurbrúar Vonarlandi**

**Mættir:** Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Þórunn Eymundardóttir. Arnbjörg Sveinsdóttir boðaði forföll.

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs
2. Framkvæmdastjóri Austurbrúar ses
3. Fjármál, staða mála og gjaldskrár
4. Starfsmannamál, staða mála
5. IPA – umsóknir og Sóknaráætlun landshluta
6. Innri málefni Austurbrúar
7. Húsnæðismál
8. Hópefli starfsmanna Austurbrúar
9. Nordregio - samstarf
10. Önnur mál

*Formaður setti fund kl. 15.10 og gengið var til dagskrár.*

**1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs**

Fundargerðir tveggja framkvæmdaráðsfunda, 1. og 8. október, og 9. stjórnarfundar staðfestar og undirritaðar.

**2. Framkvæmdastjóri Austurbrúar ses**

Valdimar og Sverrir Mar gerðu grein fyrir ráðningu á Karli Sölva Guðmundssyni í stöðu framkvæmdastjóra Austurbrúar og ráðningarkjörum sem samið hefur verið um. Stjórn staðfestir ráðninguna og samþykkir samhljóða að fela Sverri Mar að ganga frá ráðningarsamningi við Karl á grundvelli þessara niðurstaðna. Karl mun koma til starfa í byrjun desember en kemur austur 9.-12. nóvember til að skoða aðstæður.

**3. Fjármál, staða mála og gjaldskrár**

Rætt um gjaldskrá fyrir útselda vinnu á vegum Austurbrúar. Önnu Dóru falið að nálgast upplýsingar um hvað þróunarfélög og aðrir eru að selja sérfræðivinnu á. Stjórn telur rétt að hafa fasta gjaldskrá og veita þá samningsbundnum aðilum afslátt frá henni. Önnu Dóru og Sverri Mar falið að setja upp drög að vinnureglum og gjaldskrá í samráði við fulltrúa fagsviða og senda á aðra stjórnarmenn.

Anna Dóra lagði fram rekstrarstöðu 23. október skipt niður á fagsvið og fór yfir hana. Verið er að vinna að leiðréttingu á útsendingu á félagsgjöldum til sveitarfélaga.

Bókhaldið er nánast komið í gott lag og þeir ferlar sem settir hafa verið upp. Vinna við fjárhagsáætlun er á döfinni og munu fulltrúar fagsviða koma mikið að þeirri vinnu.

Valdimar gerði stuttlega grein fyrir fundi sem hann og Ólafur Áki áttu með fjárlaganefnd og þeim erindum sem þeir tóku upp þar fyrir Austurbrú.

#### **4. Starfsmannamál, staða mála**

Sverrir Mar gerði lauslega grein fyrir starfsmannamálum. Undirritaðir hafa verið nýir ráðningarsamningar við nánast alla starfsmenn í samræmi við þá launastefnu sem stjórn hefur lagt upp með. Umræða var tekin um launastefnuna og er stjórn einhuga um að halda sig við hana. Sverrir lagði til að þeir ráðningarsamningar eldri starfsmanna sem enn standa út af verði látnir bíða komu nýs framkvæmdastjóra. Var það samþykkt.

Rætt var um verkefnið Þorpið en tími þess er að renna út. Stjórn sammála um mikilvægi þess að halda verkefninu áfram í einhverri mynd og var framkvæmdaráði falið að leita samninga við verkefnisstjóra Þorpsins um áframhaldandi starf hjá Austurbrú.

Valdimar fór yfir þær sex umsóknir sem bárust í starf til að stýra miðstöð menningarfræða, verkefni sem Austurbrú hefur tekið að sér í samvinnu við Seyðisfjarðarkaupstað. Búið er að ræða við hæfustu umsækjendur og Sverri Mar var falið að leita samninga við Klas H. Poulsen, sem var talinn hæfastur í starfið eftir viðtöl.

#### **5. IPA-umsóknir og Sóknaráætlun landshluta**

Tveir fulltrúar, Finnbogi og Hrund, fóru á námskeið vegna IPA-styrkja. Farið var yfir þær hugmyndir sem eru komnar fram en fulltrúar fagsviða hafa verið að vinna þær. Byggðastofnun veitir ráðgjöf í þessu og mun fara yfir þessar hugmyndir áður en þær verða unnar áfram. Umsóknarfrestur er til 30. nóvember.

Valdimar kynnti það skapalón sem landshlutasamtök sveitarfélaga hafa lagt upp vegna vinnu við Sóknaráætlun landshluta. Stjórn SSA hefur lagt til að samráðsvettvangur á Austurlandi verði skipaður stjórn og varastjórn SSA, stjórn og varastjórn Austurbrúar og fagraði Austurbrúar. Stjórn Austurbrúar lýsir sig samþykka því. Gert er ráð fyrir að fundur samráðsvettvangs verði haldinn fyrri hluta nóvembermánaðar.

#### **6. Innri málefni Austurbrúar**

Sverrir Mar gerði grein fyrir því að tölvumál væru vel á veg komin og nýir símar og símsstöð að komast í notkun.

Rætt um jólagjafamál starfsmanna. Framkvæmdaráði falið að kanna kosti og senda út hugmyndir á stjórn.

Umræður um að nota tækifærið nú með ráðningu nýs framkvæmdastjóra að koma Austurbrú meira að í fjölmíðlum. Kanna þarf stöðu mála hjá PR-hópi starfsmanna.

## 7. Húsnæðismál Austurbrúar ses

Valdimar hefur rætt við fulltrúa ríkisins um Vonarland. Stjórn Vísindagarðsins þarf að koma með tillögur inn í þá vinnu og hefur því verið komið á framfæri við stjórnarformann Vísindagarðsins. Stjórn einhuga um að unnið verði hratt í að koma málum varðandi Vonarland á hreint enda erfitt að hagræða í rekstri vinnustöðva á Egilsstöðum fyrr en eitthvað er fast í hendi með það.

Rætt um hvernig vinnustöðvar á Egilsstöðum verða nýttar sem best þangað til mál Vonarlands skýrast og starfsfólki þjappað saman. Ákveðið að ræða það betur þegar nýr framkvæmdastjóri kemur á fund stjórnar eftir hálfan mánuð.

## 8. Hópefli starfsmanna Austurbrúar

Rætt var um að slá saman hugmynd starfsmanna um jólahlaðborð og hugmyndum stjórnar um hópefli starfsmanna og stjórnar. Stjórn telur fýsilegt að gera eitthvað samana á Dögum myrkurs enda kemur nýr framkvæmdastjóri austur þá og gæti náð að taka þátt. Þórunni og Sverri Mar falið að vinna betur með þær hugmyndir sem komu fram í umræðunni og hafa samráð við Rögnu Hreinsdóttur sem fulltrúa starfsmanna.

## 9. Nordregio - samstarf

Kynningu og umræðu um þetta frestað til næsta stjórnarfundar. Gögn frá Sverri Mar hafa verið sett inn á Dropboxið.

## 10. Önnur mál

### a) Stjórnarseta í Starfa

*Sverrir Mar vék af fundi undir þessum lið.*

Þekkingarnetið hefur átt fulltrúa í stjórn Starfsendurhæfingar Austurlands. Sá sem hefur setið í stjórninni var starfsmaður Þekkingarnetsins en hefur látið af störfum. Stjórn Austurbrúar samþykkir að Anna Dóra Helgadóttir taki sæti Austurbrúar inni í þessari stjórn.

*Sverrir Mar kom aftur inn á fundinn.*

### b) Samningar við ferðaþjónustuaðila

Fulltrúi markaðsmála hafði sent stjórn drög að þjónustusamningi við ferðaþjónustuaðila. Skúli Björn gerði grein fyrir því að rétt væri að hafa inni í samningnum ákvæði um hagsmunaaðild viðkomandi þjónustukaupa sbr. skipulagsskrá Austurbrúar. Stjórn felur Skúla Birni og Önnu Dóru að vinna þessi drög til enda með fulltrúa markaðsmála og öðrum fulltrúum fagsviða og taka mið af því að samningurinn sé líkan fyrir samninga við fleiri fyrirtæki en ferðaþjónustufyrirtæki.

### c) Nýsköpunarverðlaun 2012

Valdimar kynnti að Austurbrú ses hefði verið tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna 2012 í flokknum „Nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2012“. Samkvæmt upplýsingum bárust alls 60 tilnefningar í þessum flokki.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.30.*

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Þórunn Eymundardóttir

Sigrún Blöndal